

## SPILAREGLUR JUMBO – STRATEGO

STRATEGO er skemmtilegur og spennandi leikur fyrir þátttakendurna tvo, svo og fyrir áhorfendur. Tilgangur leiksins er að hertaka fána andstæðingsins. Hvor þátttakandi fær her sem samanstendur af eftirfarandi 40 leikmönnum :

1 njósnara, 4 flokksforingjum, 1 hershöfðingja, 8 landgönguliðum, 4 höfuðsmönnum, 1 marskálki, 5 sprengjugrafarmönnum, 3 yfirforingjum, 1 fána, 4 undirforingjum, 2 ofurstum, 6 sprengjum.

Þessum mönnum á að raða up á þann hernaðarlega hátt, sem gefur best tækifæri til varnar og sóknar.

Hernaðarlist er grundvöllur margra leikja, t.d. manntafls.

### Uppröðun herja:

Fyrst draga þátttakendur um hvor leiki með rauðu mennina, sem byrja leikinn. Síðan stilla þeir leikborðinu upp á milli sín og láta Stratego-merkið snúa að sér og raða upp einum manni á hvern reit á þeirra helmingi, en þannig, að bakhliðin snúi að mótherjanum, Og hann sjái ekki uppröðunina. Við uppröðun verða 2 miðjuraðirnar að vera auðar og eins vötnin tvö, en þau mega herirnir ekki fara yfir meðan á leiknum stendur. Hvor þátttakandi raðar sínum mönnum upp af sínu eigin hernaðarlega innsæi, að það er nauðsynlegt eins og eftirfarandi reglur sýna fram á.

### Spilareglur:

Þátttakendur skiptast á að leika og mega færa einn mann um einn reit, fram eða aftur, til hægri eða vinstri, í hvert skipti.

Aðeins landgönguliðar mega stökkva yfir nokkra reiti í einu, en þó ekki lengra en í næsta reit fyrir framan, eða við hliðina á

Mótherja; ef hann fer lengra svíkur hann að sjálfsögðu sína menn. Fánann og sprengjurnar má ekki hreyfa og eru á sama stað allan leikinn.

Þegar rauðu og bláu herirnir hafa nálgast hvor annan, þannig að hermennirnir standa annað hvort andspænis hvor öðrum eða hlið við hlið, má sá sem á leik, taka sinn mann og slá mann mótherjans, og segja um leið stöðu síns manns.

Mótherjinn svarar þá og segir stöðu síns manns. Ef sá maður er lægra settur en sá sem sló, er hann tekinn af borðinu, og sá sem er

Hærra settur, færir á hans reit, sem þá hefur losnað. Ef, aftur á móti, maður mótherjans er hætta settur, fjarlægir sá sem sló, sinn

Mann af borðinu og sá hærra setti heldur sínum reit. Þannig fellur njósnari fyrir hendi landgönguliða, landgönguliði fyrir

sprengjugrafarmanni, sprengjugrafarmaður fyrir undirforingja, undirforingi fyrir höfuðsmanni o.s.frv. Þegar menn í sömu stöðu

mætast, falla báðir. Þegar tveir menn standa við hlið hvors annars, er ekki nauðsynlegt að slá strax, sá leikur getur komið frá

hvorum þátttakanda sem er. Allir mennirnir falla fyrir sprengju, nema sprengjugrafarmaðurinn, en sprengjan verður að víkja fyrir

honum, því þeir eru þeir einu, sem geta gert þær óvirkar.

Fáninn, hinn hluturinn, sem ekki má hreyfa, fellur fyrir öllum mótherjum.

Marskálkurinn sá sem er hæst settur, fellur aðeins fyrir hendi njósnarans, ef sá síðarnefndi ræðst á hann. En athugið, ef

Marskálkurinn ræðst á njósnarann fellur sá síðarnefndi.

Ef þátttakandi á engan hreyfanlegan mann eftir, heldur aðeins fána og sprengjur, verður hann að gefast upp fyrir andstæðingnum.

Ekki má færa neinn mann oftár en 5 sinnum fram og aftur á sömu tveimur reitunum. Sá sem nær fána andstæðingsins, hefur unnið leikinn.

Herskipunarlist:

Að ofangreindu er ljóst, að uppröðun mannanna ræður úrstíðum í leiknum. Það er þess vegna góð varnaraðferð að umkringja

fánann með nokkrum sprengjum. Þó er einnig tilvalið, til þess að villa um fyrir andstæðingnum, að staðsetja nokkrar sprengjur í

nokkurri fjarlægð frá fánanum. Gott er að setja háttsetta menn hér og þar í fremstu víglínu, en þátttakandi, sem missir háttsetta

liðsforingja sína fljótt, er í veikri aðstöðu. Landgönguliðar framarlega í fylgingu eru gagnlegir til þess að rannsaka styrkleika

mótherjans, en leikmaður sem misst hefur landgöngluliða sína neyðist til þess að leika handahófskennt.

Góða skemmtun!